

21. NÓVEMBER
2024

HARPA
ELDBORG

Beethoven og Shostakovitsj

RAUÐ TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka

Píanókoncert 35'

Sinfónía 60'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Beethoven og Shostakovitsj

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 21. NÓVEMBER KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Andris Poga

hljómsveitarstjóri

Jan Lisiecki

einleikari

Ludwig van Beethoven

Píanókonsert nr. 4 í G-dúr, op. 58 (1806)

Allegro moderato

Andante con moto

Rondo: Vivace

Hlé

Dmitríj Shostakovitsj

Sinfónía nr. 8 í c-moll, op. 65 (1943)

Adagio – Allegro non troppo

Allegretto

Allegro non troppo

Largo

Allegretto

For information in English
about tonight's programme,
please visit the Iceland
Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Andris Poga

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Andris Poga fæddist í Rīga í Lettlandi árið 1980. Hann útskrifaðist úr hljómsveitarstjórnardeild Jāzeps Vītols Tónlistarakademiunnar í Lettlandi. Hann nam einnig heimspeki við Háskólann í Lettlandi og lærði hljómsveitarstjórn í Tónlistar- og sviðslistaháskólanum í Vín. Árið 2010 hlut Poga fyrstu verðlaun í Alþjóðlegu hljómsveitarstjórnarkeppninni Evgeny Svetlanov sem kom honum á kortið og varð til þess að hann náði frama á alþjóðlegum vettvangi. Hann var aðstoðarmaður Paavo Järvi við Parísarhljómsveitina árin 2011 til 2014 og frá 2012 til 2014 var hann aðstoðarhljómsveitarstjóri Boston Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Andris Poga er aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar í Stavanger í Noregi. Hann var tónlistarstjóri Lettnesku þjóðarhljómsveitarinnar frá 2013 til 2021 og hefur haldið samstarfi sínu við hana áfram sem listrænn ráðgjafi. Á síðustu árum hefur hann stjórnað öllum helstu hljómsveitum Þýskalands, Frakklands, Ítalíu, Japan og Norðurlandanna. Hann hefur einnig stjórnað Sinfóníunum í Vín, Sydney og Berlín, Filharmóníunum í Sankti Pétursborg, London og Hong Kong og Accademia Nazionale di Santa Cecilia í Róm.



Jan Lisiecki

EINLEIKARI

Frami Kanadamannsins Jan Lisiecki á hinu alþjóðlega sviði hefur verið mjög skjóttur en túlkun hans og tækni ber vott um þroska langt umfram aldur. Lisiecki, sem ekki er orðinn þrítugur, leikur yfir hundrað tónleika um allan heim á ári hverju og hefur unnið náið með hljómsveitarstjórum á borð við Antonio Pappano, Yannick Nézet-Séguin, Daniel Harding, Manfred Honeck og Claudio Abbado. Lisiecki hefur ítrekað unnið með hljómsveitum á borð við Sinfóníuhljómsveitina í Boston, hljómsveitirnar í Cleveland og Philadelphiu, Filarmonica della Scala, Orchestra dell'Accademia Nazionale di Santa Cecilia og Orpheus Kammerhljómsveitina. Hann hefur leikið einleik í Carnegie Hall og Elbphilharmonie Hamburg. Lisiecki flutti nýlega ljóðaflokk Beethovens ásamt Matthias Goerne barítón á Salzburgerhátíðinni. Hann hefur leikið með Fílharmoníunni í New York, Sinfóníunum í Chicago og London, Parísarhljómsveitinni, Staatskapelle Dresden og Útvarpshljómsveitinni í Bæjaralandi.

Þegar Lisiecki var aðeins fimmtán ára skrifaði hann undir samning við hið virta útgáfufyrirtæki Deutsche Grammophon. Útgáfan fagnaði „ári Beethovens“ árið 2020 með útgáfu á tónleikaupptöku af öllum fimm konsertum tónskáldsins frá Konzerthaus í Berlín þar sem Lisiecki leiddi Academy of St Martin in the Fields frá píanóinu. Hljóðritun hans og Matthias Goerne á ljóðaflokki Beethovens kom út sama ár og hlaut Diapason d'Or (hljóðrit mánaðarins). Áttunda hljóðrit Lisiecki voru allar Noktúrnur Chopins en það kom út árið 2021 og fór í efsta sæti vinsældalista klassískrar tónlistar bæði í Norður-Ameríku og Evrópu og hlaut tilnefningu til hinna virtu JUNO verðlauna. Nýjasta hljóðrit hans, Night Music með verkum eftir Mozart, Ravel, Schumann og Paderewski, kom út árið 2022. Lisiecki var aðeins átján ára þegar hann varð yngsti verðlaunahafi „Young Artist“ verðlauna Gramophone og Leonard Bernstein verðlaunanna. 2012 var hann gerður sendiherra UNICEF í Kanada.



Ludwig van Beethoven

PÍANÓKONSERT NR. 4

Fjórða píanókonsertinn samdi Beethoven (1770-1827) á sérlega frjóu tímabili í lífi sínu. Hann hafði þá fest sig í sessi sem fremsti píanóleikari Vínarborgar og sem tónskáld nálgadist hann álíka frama. Hann samdi hvert verkið á fætur öðru og auk fjórða konsertsins samdi hann fjórðu símfóníu sína, fiðlukonsertinn, þrefalda konsertinn og Razumovsky strengjakvartettana þrjá en allt voru þetta brautryðjandi verk. Árið 1807 hóf hann að leita að viðeigandi tónleikasal til þess að flytja nýjustu verk sín fyrir Vínarbúa. Í desember 1808 hafði honum tekist að finna bæði tónleikastað og hljómsveit og hélt fjögurra tíma stórtónleika sem reyndu verulega á þórlíf áheyrenda. Þar voru fluttar fimmta og sjötta símfónían, þrír kaflar úr Messu í C dúr, Fantasía fyrir einleikspíanó, konsertaría og Kóralfantasían (sem lokakafli 9. símfóníunnar byggði á), auk fjórða píanókonsertsins.

Fjórði píanókonsertinn kynnti fyrir áheyrendum eitthvað sem var alveg nýtt. 18. öldin var greinilega liðin með sínum stórhuga en innantómu flugeldasýningum einleikarans. Ólíkt því var konsertinn persónulegri, í blíðlegum og hófstílltum stíl sem einkennist af innri ró og ljóðrænu. Upphafið, sem var óvenjulegt á þessum tíma, endurspeglar þetta skýrt. Píanóið hefur leik eitt, á einföldum og fallegum lagstúf. Hljómsveitin kemur svo hikandi inn, líkt og hún sé óviss með að trufla hið íhugula og blíðlega upphaf einleikarans. Það líða nokkrar mínútur þar til hljómsveitin leikur öll saman og samtalið milli hljómsveitar og einleikara hefst að fullu. Annar kafliinn fylgir heldur ekki hefðinni. Beethoven býður okkur upp á samtal milli einleikara og hljómsveitar þar sem hin síðarnefnda leikur öll saman, ákveðið og ágengt, en einleikarinn svarar biðjandi á lágværan og einlægan hátt. Tónlistin er skrifuð þannig að hún virðist hálfpartinn vera spunnin á staðnum. Öðrum kaflanum lýkur þannig að píanóið hefur sefað reiði hljómsveitarinnar og unnið hana á sitt band. Í þriðja kaflanum er öll sorg horfin og gleði og galsi hafa tekið völdin.



Dmitrîj Shostakovitsj

SINFÓNÍA NR. 8

Með sjöundu sinfóníunni, sem endurspeглаði innrás nasista inn í Sovétríkin árið 1941, öðlaðist Dmitrîj Shostakovitsj (1906-1975) heimsfrægd – hann var meira að segja á forsíðu tímaritsins *Time*. Þessi góði árangur varð til þess að talsvert álag var á tónskáldinu að fylgja velgengninni eftir með sinni næstu sinfóníu. Shostakovitsj hóf skrif á áttundu sinfóníunni árið 1943, þegar seinni heimstyrjöldin stóð enn yfir af fullum þunga, og stýrði það væntingum til hennar: að hún væri bjartsýn og hvetti sovésku þjóðina og bandamenn hennar til sigurs. Það fór alls ekki svo, því Shostakovitsj skrifaði harmrænt og sársaukaprungið verk sem veitti áheyrendum engan sigursælan endi. Þegar þetta langt var liðið á seinna stríð hafði sovéska þjóðin tekist á við skelfilegt mannfall og því ásættanlegra að endurspeгла þá þjáningu og kvöl sem yfirvöld höfðu áður bannað. Áttunda sinfónían hverfist einmitt að öllu leyti um þessar tilfinningar en tónskáldið lauk ekki við verkið fyrr en gangur stríðsins fór að snúast sovétmönnum í hag en þá var búist við sigurstemningu. Viðtökur verksins voru því dræmar og var því hvorki hampað né hafnað. Shostakovitsj skrifaði sjálfur að verkið „innibæri margvísleg innri átök, bæði harmræn og dramatísk ... en, í það heila þá væri þetta bjartsýnt og lífsglatt verk.“ Þó er erfitt að heyra hvar í verkinu þessa jákvæðni má finna.

Fyrsti kaflinn, sem er sá allra lengsti, hefst með þungbúnu stefi í neðri strengjum sem kallast svo á við bjartari laglínu frá fiðlunum. Í kjölfarið fylgir löng og flókin úrvinnsla þar sem tónskáldið nýtir margvíslegar aðferðir til þess að umbreyta og víkka út upphafsstefin. Þessi hljóðfæri eiga svo í hægu og löngu samtali sín á milli og skiptast á að þróast. Snögglega kippir Shostakovitsj fótunum undan þessari angurværu stemningu með mótífum í anda

hernaðar sem geta auðveldlega minnt á hrylling stríðsins. Næstu tveir kaflar eru einskonar marsar og ýta báðir enn frekar undir hughrif ofbeldis. Stór hljómsveitin er nýtt af fullum þunga í öðrum kaflanum þar sem sprengikraftur hljóðfæranna byggir upp mörg lög sem á óþægilegan hátt rekast á. Í þriðja kaflanum er einblínt á hráa skræki í tréblásturshljóðfærum sem eru í mikilli andstöðu við herlúðra og sneriltrommur. Í fjórða kaflanum hverfa þessi grótesku hughrif og við tekur ógnvekjandi stilla sem öðru hverju er raskað af pizzicato strengjum og klarínetti sem fjörlega dansar á milli strengjanna. Í fimmta og síðasta kaflanum býður Shostakovitsj upp á sveitastemningu með léttleikandi sólói í fagotti og breiðum strengjalínunum – sem trufluð er af grimmum hermarsi, slagverki og herlúðri. Þetta leysist upp í upprifjun á fjórða kaflanum með fleiri sólólínunum. Þessi óljósa uppbygging kallar fram spurninguna um hvernig skuli ljúka við verkið? Svar Shostakovitsj var að færa sig í C-dúr í upphafi kaflans (í andstöðu við c-moll í upphafi verksins – stílbragð sem er vel þekkt allt frá Beethoven). Það er þó eitthvað óþægilegt við C-dúr hljómana. Mörgum árum síðar þegar náinn vinur Shostakovitsj hrósaði honum fyrir þetta stílbragð þá svaraði hann: „Kæri vinur – þú ættir bara að vita hversu mikið blóð þessi C-dúr hljómar kostuðu mig“. Með þessum lokahljómunum skilur tónskáldið hlustandann eftir með ósvaraðar spurningar og áleitnar myndir í hugskoti sínu.

Þrátt fyrir öll þessi dramatísku hughrif, átti áttunda símfónían ekki mikilli velgengi að fagna á meðan Shostakovitsj lifði. Eftir stríðið var hún mikið gagnrýnd og var bannað að flytja hana frá 1948 til 1956. Shostakovitsj skrifaði sjálfur: „Ég get dregið saman hugmyndafræðina í þessu nýja verki mínu í þremur orðum: Lífið er fallett. Allt sem er myrkvað og dimmt mun rotna, hverfa og hið fallega mun sigra.“ Í dag er áttunda símfónían álitin eitt af bestu verkum Shostakovitsj, þó það geti tekið á að hlusta á það og skilji hlustandann eftir með fleiri spurningar en svör.

Þorbjörg Daphne Hall

Aðventu- og hátíðardagskrá

04.12

MIÐVIKUDAGUR
Kl. 19:00

05.12

FIMMTUDAGUR
Kl. 19:00

06.12

FÖSTUDAGUR
Kl. 19:00



Home Alone - Bíótónleikar

Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur, undir stjórn Caleb Young, töfrandi og æsispennandi tónlist John Williams þegar sýnd verður uppáhalds jólamynd margra kynslóða, Aleinn heima eða Home Alone. Macaulay Culkin leikur Kevin McCallister, 8 ára snáða sem er óvart skilinn eftir heima þegar fjölskylda hans heldur í jólafríð með þeim afleiðingum að Kevin neyðist til að verja heimilið gegn tveimur seinheppnum þjófum. Home Alone er stórskemmtileg og hjartnæm kvikmynd, sannkölluð hátíðarskemmtun fyrir alla fjölskylduna.

14.12

LAUGARDAGUR
Kl. 14:00 og 16:00

15.12

SUNNUDAGUR
Kl. 14:00 og 16:00



Jólatónleikar Sinfóníunnar

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru tilvaldir fyrir jólabörn á öllum aldri og verða með dálítið þjóðlegu ívafi að þessu sinni þar sem íslenskar þjóðvísur mæta sígildum jólalögum og töfrandi tónlistarævintýrum. Einsöngvararnir Benedikt Kristjánsson, Ragnheiður Gröndal og Kolbrún Völkudóttir, kórar, dansarar, bjöllukórar og langspilssveit taka þátt í fjölbreyttri jóladagskrá en kynni á tónleikunum er trúðurinn Barbara sem kemur öllum í sannkallað hátíðarskap. Hjörtur Páll Eggertsson er hljómsveitarstjóri á tónleikunum og eru þeir túlkaðir á táknmáli.

09.01

FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30

10.01

FÖSTUDAGUR
Kl. 19:00

11.01

LAUGARDAGUR
Kl. 16:00 og 19:30



Vínartónleikar Sinfóníunnar

Hinir sívinsælu Vínartónleikar eru sannkölluð nýársveisla og sú glaðværa tónlist sem þar hljómar gefur tóninn fyrir nýtt ár. Tónleikarnir hafa lengi verið allra vinsælustu tónleikar hljómsveitarinnar og eitthvað sem tónlistarunnendur vilja ekki láta fram hjá sér fara. Einsöngvarar Vínartónleikanna í ár eru Bryndís Guðjónsdóttir og Einar Dagur Jónsson og Ville Matvejeff heldur um tónsprotann. Mið á Vínartónleikana er tilvalin jólagjöf.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Zbigniew Dubik
Andrzej Kleina
Pálína Árnadóttir
Emma Garðarsdóttir
Lin Wei
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Laura Liu
Hildigunnur Halldórsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Joanna Bauer
Margrét Kristjánsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Gunnhildur Daðadóttir
Hekla Finnsdóttir
Þórdís Stross
Justyna Bidler
Kristján Matthíasson
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Guðbjartur Hákonarson
Ingrid Karlsdóttir
Greta Guðnadóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir

Víola

Rita Porfiris
Þórhildur Magnúsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Sarah Buckley
Kathryn Harrison
Guðrún Hrund Harðardóttir
Fidel Atli Quintero Gasparsson
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Þórarinsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Urh Mrak
Hrafnkell Orri Egilsson
Guðný Jónasdóttir
Margrét Árnadóttir
Hrafnhildur Marta
Guðmundsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir

Bassi

Xun Yang
Þórir Jóhannsson
Jacek Karwan
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Hávarður Tryggvason
Richard Korn

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Kristín Ýr Jónsdóttir
Steinunn Vala Pálsdóttir
Caterina Compagno

Óbó

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarínett

Christian Stene
Birkir Hafsteinsson
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Clara Manaud
Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

Horn

Stéfán Jón Bernharðsson
Paul Pitzek
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Charlotte Rehm

Trompet

Zach Silberschlag
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Vivian Kung

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Marco Santos
Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson
Kjartan Guðnason

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
verkefnastjóri viðburða
Hjördis Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri

Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvit Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tæknimaður



104 tóndæmi

með vísun á streymisveitu

Klassísk tónlist

Á ferðalagi um tónlistarsöguna

Eftir Magnús Lyngdal Magnússon



Komin í bókabúðir



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



Jólagjöf sem hljómar vel

Með gjafakorti Sinfóníuhljómsveitar Íslands geta tónlistarunnendur á öllum aldri valið tónleika úr dagskrá hljómsveitarinnar. Hægt er að velja einn af fjölmörgum tónleikum Sinfóníunnar eða leyfa viðtakanda að velja sinn eigin viðburð.

Kynntu þér fjölbreytta og litríka dagskrá hljómsveitarinnar á sinfonia.is og gefðu einstaka upplifun. Gjafakortin eru tímalaus og renna ekki út.

Hægt er að kaupa gjafakortin á sinfonia.is eða í miðasölu Hörpu og fá þau afhent í sérstökum gjafaumbúðum.

SINFONIA.IS